

77% vilja stjórnlagabæing

Í könnun sem Pulsinn.is framkvæmdi fyrir Valgerði Bjarnadóttur dagana 11-12 mars kemur fram að 77% svarenda sem tóku afstöðu eru fylgjandi stjórnlagabæing – þjóðfundi - til þess að þjóðin geti sett sér nýja stjórnarskrá.

Í því mikla umróti sem verið hefur hér undanfarna mánuði hefur orðið blómleg umræða m.a. um Alþingi og hlutverk þess. Rætt hefur verið um þörf á nýrri stjórnarskrá og hvernig eigi að standa að samningu hennar.


Í könnuninni var spurt: „Ert þú fylgjandi stjórnlagabæing til þess að þjóðin geti sett sér nýja stjórnarskrá?“

Heildarfjöldi svarenda var 1.560. Fylgjandi stjórnlagabæing voru 963 eða 62%, á móti voru 288 eða 18% og 309 eða 20% tóku ekki afstöðu.

1. Hlutfall allra svarenda

	Heildarsvör	Hlutfall
Já	963	62%
Nei	288	18%
Veit ekki	309	20%
Heildarfjöldi svarenda	1560	100%

1. Hlutfall allra svarenda




Þegar hlutfall þeirra sem tóku afstöðu er skoðað kemur í ljós að 77% svarenda eru fylgjandi stjórnlagabæing en 23% eru því andvíg.

2. Hlutfall svarenda sem tóku afstöðu

	Heildarsvör	Hlutfall
Já	963	77%
Nei	288	23%
Þeir sem tóku afstöðu	1251	100%

2. Hlutfall svarenda sem tóku afstöðu



Niðurstaða könnunarinnar sýnir svo ekki verður um villst að vilji fólks stendur til þess að haldinn verði þjóðfundur sem geri tillögu að nýrri stjórnarskrá sem síðan verður lögð í dóm þjóðarinnar í atkvæðagreiðslu.

Nánari upplýsingar veitir Valgerður Bjarnadóttir í síma 824 5845.